

306. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins Gylfaflöt 5, mánudaginn 15.10.2012, kl.7.00.

Mættir eru:

Oddný Sturludóttir, Ómar Stefánsson, Herdís Sigurjónsdóttir, Hjördís Jóna Gísladóttir, Páll Hilmarsson, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson.
Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2013 - 2017

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að rekstraráætlun 2013 – 2017.

Stjórn samþykkir drög að rekstraráætlun og felur formanni og framkvæmdastjóra að kynna stjórn SSH og fá umræðu um fyrirliggjandi fjárfestingar. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að skipuleggja kynningu á stöðu mála varðandi ELENA verkefnið, vinnu við rekstraráætlun gasgerðarstöðvar og möguleika á aðkomu ríkisins við uppbyggingu hennar. Á það skal bent að áform um fjárfestingar í gasgerðarstöð miðast við staðsetningu í Álfsnesi. Samkvæmt samþykkt stjórnar er nú unnið að því með sveitarfélögum á suðvesturhorni landsins að finna framtíðarathafnarsvæði fyrir úrgang. Brýnt er að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir sem fyrst.

2. Móttaka á pappírsúrgangi og áætlanir eigenda

Að ósk fulltrúa Mosfellbæjar var móttaka á pappírsúrgangi og áætlanir eigenda rædd.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 12.10.2012 er varðar:

Magn skil blátunnuefnis sem borist hefur SORPU og skipting þess milli sveitarfélaga.

Kynnt gjaldskrárbreyting endurvinnsluefna sem tók gildi 4.október.

3. Tímasetning næsta stjórnarfundar

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 29.október, klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.00.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

SORPU

Jóna Gísladóttir
Hjördís Jóna Gísladóttir
Margrét G. Magnúsdóttir
Herdís Sigurjónsdóttir
Ómar Stefánsson
Björn H. Halldórsson
Bjarni Torfi